

Gátlisti til hliðsjónar við gerð og yfirferð öryggisáætlana

	Kajakferðir	Já	Nei	Á ekki við
1	Áhættumat			
1.1	Er áhættumat sértækt og í samræmi við aðstæður á viðkomandi siglingarstað?			
1.2	Tekur áhættumat mið af mismunandi ferðamáta á staðinn ef við á s.s. bátur, bíll o.s.frv.?			
1.3	Tekur áhættumat mið af mismunandi árstíðum, veðri og öðrum náttúrulegum aðstæðum?			
1.4	Er áhættumatið eingöngu miðað við vatn eða er tekið mið af aðstæðum í landi?			
1.5	Tekur áhættumat mið af fjarlægð í bjargir og tíma sem tekur að fá utanaðkomandi aðstoð?			
1.6	Er gert ráð fyrir mismunandi getu þátttakenda?			
1.7	Tekur áhættumat mið af sóttvörnum?			
2	Verklagsreglur			
	Undirbúningur ferðar og upplýsingagjöf			
2.1	Kveða verklagsreglur á um hvernig leiðsögumönnum og öðrum starfsmönnum er kynnt öryggisáætlun og því fylgt eftir að starfað sé í samræmi við hana?			
2.2	Er í verklagsreglum tekið fram hvert hæfi þátttakenda þarf að vera t.d. aldur, líkamlegt atgervi og fleira?			
2.3	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir fyrirfram um hæfi til ferðar?			
2.4	Er í verklagsreglum kveðið á um hvernig þátttakendur eiga vera búnir m.t.t. öryggis?			
2.5	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendum er ráðlagt varðandi persónulegan búnað og veittar upplýsingar um aðstöðu sem er til staðar?			
2.6	Er gátlisti í verklagsreglum um hagnýt atriði sem fara þarf yfir með þátttakendum við upphaf ferðar? (salernisúrræði, nestistíma, aðgengi að drykkjarföngum, varhugaverða staði, séríslenskar aðstæður o.s.frv.)			
2.7	Er skýrt í verklagsreglum að leiðsögumönnum ber að fylgjast sérstaklega með veðurspá áður en lagt er í ferð og daglega í lengri ferðum?			
2.8	Eru skýrar reglur um hvernig ber að skrá alla þátttakendur í hverri ferð (farþega og leiðsögumenn)?			
2.9	Eru viðmið um fjölda þátttakenda á hvern leiðsögumann í verklagsreglum? (Taka þarf mið af sérstökum aðstæðum svo sem árstíma, veðri og getu þátttakenda.)			
2.10	Eru skýrar verklagsreglur um hvernig verkleg kennsla/leiðbeiningar til þátttakenda um helstu öryggisatriði fer fram?			
2.11	Er skýrt við hvaða aðstæður ber að fresta ferð eða hætta við?			
	Ferðin sjálf			
2.12	Er gátlisti í verklagsreglum um hvernig ber að upplýsa þátttakendur um ábyrga hegðun þeirra í ferðinni (hvað ber að varast, hvað er æskilegt)?			
2.13	Kemur fram í verklagsreglum hvaða svæði eru ófær eða of hættuleg við ákveðnar aðstæður og þá hvaða aðstæður?			
2.14	Er í verklagsreglum fjallað um hjáleiðir/plan B og hvort og þá hvernig leiðsögumenn geta breytt leið/áætlun krefjist öryggi þátttakenda þess?			

2.15	Kveða verklagsreglur á um hvernig ber að fara um varasöm svæði (t.d. grynningar, sterkan straum, brim) ?			
2.16	Er, ef við á, tekið á því hvernig hóp er raðað, hverjir fremstir, aftastir ... ?			
2.17	Eru leiðbeiningar í verklagsreglum um samskipti leiðsögumanna við þátttakendur og eftirlit þeirra með líðan og velferð þátttakenda?			
	Hæfniskröfur starfsmanna			
2.18	Eru kröfur um reynslu, menntun og kunnáttu leiðsögumanna skýrar í verklagsreglum? (Þar með talin færni í notkun nauðsynlegs búnaðar, fjarskiptatækja, færni í að meta veður og aðrar aðstæður, færni í leit og björgun og að bjarga sjálfum sér o.fl.).			
2.19	Eru kröfur til annarra starfsmanna í ferðinni skýrar í verklagsreglum?			
2.20	Eru kröfur um menntun í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir?			
2.21	Eru kröfur um þekkingu í fyrstu hjálp skýrar?			
2.22	Kemur fram í verklagsreglum hvernig þekkingu og færni starfsmanna í fyrstu hjálp er viðhaldið?			
	Búnaður o.fl.			
2.23	Er í verklagsreglum farið yfir hvernig þátttakendur eru upplýstir um neyðarbúnað og kennt að nota hann ef á þarf að halda?			
2.24	Er gátlisti vegna búnaðar leiðsögumanna í verklagsreglum?			
2.25	Er gátlisti vegna öryggisbúnaðar og annars sameiginlegs búnaðar í verklagsreglum?*			
2.26	Er skýrt hver flytur öryggisbúnað með sér og við hvaða aðstæður skal nota hann?			
2.27	Taka verklagsreglur á viðhaldi og yfirferð búnaðar með tilliti til öryggis?			
2.28	Er í verklagsreglum hugað að sóttvörnum?			
3	<u>Viðbragðsáætlanir</u>			
3.1	Eru til viðbragðsáætlanir vegna mismunandi atvika svo sem slysa, veikinda, náttúruvá?r?			
3.2	Eru viðbragðsáætlanir á hentugu formi svo leiðsögumaður geti auðveldlega tekið þær með?			
3.3	Er skýrar línur um verksvið leiðsögumanns í viðbragðsáætlunum, ábyrgð hans og heimildir til ákvarðana og upplýsingagjafar?			
3.4	Er verkaskipting og hlutverk allra starfsmanna í viðbragðsáætlunum skýr?			
3.5	Er skýrt í viðbragðsáætlunum hvenær ber að kalla til aðstoð? Betra að kalla oftast og afturkalla frekar ef ekki reynist þörf.			
3.6	Eru viðbragðsáætlanir miðaðar við fjarlægð í bjargir og ólík svæði?			
3.7	Taka viðbragðsáætlanir mið af hvernig má koma björgun á staðinn bát, þyrllu, bíl, mannskap ef við á?			
3.8	Er tekið á því hvernig ber að huga að velferð annarra þátttakenda ef eitthvað ber útaf?			
4	<u>Atvikaskýrslur</u>			
4.1	Fylgir atvikaskýrsla öryggisáætlun?			
4.2	Er skýrt að ávallt beri að fylla út atvikaskýrslu ef um er að ræða atvik/slys eða næstum slys?			
	Er í öryggisáætlun kveðið á um reglulega endurskoðun hennar?			

* Öryggisbúnaður ætti t.d. að vera sjúkrabúnaður, fjarskiptatæki, kastlínur, vesti/hringur, súrefnistæki, hjartastuðtæki, teppi, bakbretti, hálskragi og súrefnistæki.

Annað:

- Eru leiðbeiningar í verklagsreglum sem tryggja að umgengni um náttúruna og umhverfið sé í samræmi við gæðaviðmið Vakans?
- Gátlisti þessi er ekki tæmandi, æskilegt er að hafa hliðsjón af gæðaviðmiðum Vakans nr. 218 *Kajakferðir*.